

AUGLÝSING

um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Jörund í Lambahrauni við Hlöðufell.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis- og auðlinda-ráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Jörund í Lambahrauni við Hlöðufell. Stjórnunar- og verndaráætlunin er birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013:

1. gr.

Óheimilt er með öllu að fara inn í Jörund nema með leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. kafla 3.3.2.

2. gr.

Umhverfisstofnun veitir aðeins heimild til inngöngu í Jörund styðji tilgangur ferðar við verndargildi Jörundar (t.d. rannsóknir) og farið sé í fylgd með umsjónaraðila, sbr. kafla 3.3.2.

3. gr.

Leyfi Umhverfisstofnunar skulu kveða á um að þeir sem heimild fá til að fara í hellinn skuli ekki gefa þriðja aðila upp staðsetningu hans, sbr. kafla 3.3.2.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 22. september 2020.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.